

Fundur 14.4.2025 Jóel spámaður.

Komið þið sæl, fólk á gömlu jörðinni.

*Já góða kvöldið.*

Heilsa ég ykkur í Drottins nafni.

Og er mér sagt að reynt sé að hindra samband þetta, en það mun þó ekki verða.

Og var okkur það ætlað af þeim samningum sem gerðir voru við syndugar þjóðir, að við fengjum að tjá okkur og útskýra ýmislegt í okkar málum.

Og bíður Drottinn þess að refsa öllum syndugum, og nálgast hans hátíðir og er þar fólkið haldið í klefum sofandi til að safna andlegri orku, og hafa það vísindin sýnt og sannað að þannig má veruleikanum breyta.

Og stefnir Drottinn að því að ekkert framlíf verði fyrir synduga, sem ekki krjúpa, og það fólk hafi enga hugmynd um framlíf og lendi í klefum þeim, þar sem orka þeirra verður til að byggja upp slík ríki.

Og eru margir hnettir þar sem eldur og brennisteinn er til refsingar og því ekki er það allt hótanir innantómar í trúarbrögðunum.

Nauðsynlegt að gera samninga við þær þjóðir og byggja þar sambandsstöðvar og kirkjur okkur hliðhollar.

Og margvísleg er syndin og hef ég talað til ykkar áður, Jóel spámaður.

Og leyfum við þeim að vera á ljóshliðinni sem tigna Drottinn, en já það er reynt að hindra samband þetta, en kannski næ ég til einhverra sálna sem munu iðrast og krjúpa fyrir Drottni, og er margskonar refsingar í vændum.

*Þakka þér fyrir komuna.*

Viljum við fá okkar fólk til baka úr þeim hnöttum sem sótt var til okkar og munum stefna að því að gera innrás.

Verð ég nú að kveðja, Jóel spámaður heiti ég.

*Þú veist að Drottinn þýðir hinn illi ?*

Það er ekki rétt.

*Það liggur í orðunum.*

Verið þið sæl.

*Sæll.*